



Lúxemborg, 5. mars 2008

FRÉTTATILKYNNING 03/2008

Dómur í máli E-6/07

RÁDGEFANDI ÁLIT UM STÖÐU HAFNARGJALDA SAMKVÆMT EES-SAMNINGNUM

Með dómi sem kveðinn var upp í dag, gaf EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um tvær spurningar sem honum bárust frá Hæstarétti Íslands í tengslum við mál sem þar er rekið milli HOB-vín ehf. og Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf. er sameignarfélag sem stofnað var af nokkrum sveitarfélögum við Faxaflóa og rekur fjórar hafnir. Í gjaldskrá hafnanna eru mælt fyrir um hærri hafnargjöld fyrir lestun og losun áfengra drykkja en óáfengra. HOB-vín flytur sjóleiðis inn áfengi frá öðrum EES-ríkjum og greiðir því hin hærri gjöld. Innanlands er áfengi flutt milli staða landleiðina en ekki sjóleiðis.

Dómstóllinn lagði í fyrsta lagi mat á það hvort álagning hafnargjalda eins og þeirra sem um ræðir í málinu falli undir 10., 11. eða 14. gr. EES-samningsins. Greinarnar varða tolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif og innlenda skatta. Í úrlausn dómsins kemur fram að gjaldtaka sameignarfélags í eigu sveitarfélaga falli eftir atvikum undir 14. gr. EES um innlenda skatta.

Þá lagði dómstóllinn mat á það hvort hafnargjöld eins og þau sem Faxaflóahafnir sf. innheimta vegna áfengis feli í sér ólögmæta mismunun skv. 14. gr. EES. Dómstóllinn bar saman stöðu innflutts áfengis gagnvart innlendu áfengi og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri um slíka mismunun að ræða þegar ástæða þess að innlent áfengi ber ekki hafnargjöld er sú að það er ekki flutt sjóleiðis og því ekki þörf fyrir þjónustu hafna við flutninginn. Það væri þó háð því skilyrði að sá sem setur gjaldskrá fyrir hafnarþjónustu setji ekki gjaldskrá fyrir sambærilega þjónustu sem þörf er á vegna innlands áfengis. Samanburður á stöðu áfengra og óáfengra drykkja leiddi ekki heldur til þeirrar niðurstöðu að um ólögmæta mismunun skv. 14. gr. EES væri að ræða. Í því sambandi skipti þó máli hvort gjöldin hefðu þau áhrif að draga úr mögulegri neyslu á innfluttum vörum, sem kæmi innlendum vörum í samkeppni til góða.

Dóminn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.